

Lionsfjölskyldan blómstrað í 100 ár

- Alþjóðaforseti Lions hér á landi
- Hreyfingin fagnar aldarafmæli 2017
- Nýjar áskoranir á alþjóðavísu

Jón Birgir Eiríksson
jbe@mbl.is

Bob Corlew, alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar, er staddur hér á landi í þeim tilgangi að hitta Lionsfélaga alls staðar af landinu og kynna sér frá fyrstu hendi það starf sem fram hefur farið á Íslandi undir merkjum hreyfingarinnar. Í ferð sinni hefur Corlew einnig hitt forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannesson, og Lilju Dögg Alfreðsdóttur uttanríkisráðherra og heimsótt Barnaspítala Hringins, sem hefur um árabíl notið liðsinnis íslenskra Lionsklúbba í þjónustu sinni.

Lionshreyfingin fagnar aldarafmæli á næsta ári og spennandi tímar eru því framundan og nýjar áskoranir, að sögn Corlew.

Guðrún Björt Yngvadóttir var nýverið kjörin annar varaforseti hreyfingarinnar, fyrst kvenna. Á næsta ári gegnir hún hlutverki fyrsta varaforseta og þar á eftir tekur hún við embætti alþjóðaforseta.

Markmiðið að þjóna

Lionsklúbbar eru mörgum vel kunnir, en 85 slíkir eru starfræktir hér á landi og eru um 2.200 Íslendingar félagar í Lions.

„Lionshreyfingin var stofnuð árið 1917 með það að markmiði að þjóna öðru fólki. Samtökin hafa vaxið og dafnað og nú eru í þeim 1,4 milljónir meðlima í 200 löndum um allan heim

í næstum því 47 þúsund Lionsklúbbum. Klúbbarnir hafa það hlutverk að þjóna sínu samfélagi og heiminum um leið. Af því að við litum á okkur sem eina stóra fjölskyldu hefur hver klúbbur það hlutverk til viðbótar að hjálpa fólki annars staðar í heiminum.“ segir Corlew, en stjórn Lionshreyfingarinnar mótar þá grunnstefnu sem Lionsklúbbar um allan heim taka mið af í störfum sínum.

Nýjar áskoranir fyrir Lions

Pó er ætlast til þess að alþjóðaforsetinn leggi sitt af mörkum í stefnumótuninni.

„Á hverju ári þróar alþjóðaforsetinn þema í þjónustu okkar. Á þessu ári vinnum við að verkefninu „New mountains to climb“. Fjöllin eru skírskotun til hindrana og áskorana. Sá sem kemur að fjalli hefur val um að snúa við, fara kringum það eða klífa það. Við litum þannig á að hvert fjall sé ný áskorun en um leið nýtt tækifæri fyrir Lionshreyfinguna. Heimurinn breytist stöðugt og það eru sífellt fleiri tækifæri fyrir okkur til að þjóna og hjálpa nýju fólki og með nýjum aðferðum. Við erum stolt af því að geta sagst vera með puttann á þúlsinum í þjónustu okkar,“ segir hann og vísar m.a. til tækniframfara 21. aldarinnar.

„Jafnvel þótt nútímatækni geri heiminn að betri stað eru alltaf til staðar hlíðarverkanir sem valda



Forsetar Guðrún Björt Yngvadóttir, 2. varaforseti Lionshreyfingarinnar, og Bob Corlew, alþjóðaforseti 2016-2017.

vandamálum og þannig mótast tækifæri fyrir okkur til að bregðast við og rétta fram hjálparhönd,“ segir hann.

Verkefnið getur líka borið brátt að, en Corlew nefnir að vegna jarðskjálftans á Ítalíu á miðvikudag hafi Lionshreyfingin lagt fram um 100 þúsund bandaríkjadali og þeir verið sendir til Ítalíu um tíu klukkustundum eftir skjálftann.

Rótgróinn félagsskapur

„Á næsta ári fögnum við aldarafmæli. Í tilefni af tímamótunum settum við okkur sérstök markmið á

síðasta ári. Í þeim fólst að fyrir næsta vor myndum við hafa hjálpað hundrað milljónum manna og haft jákvæð áhrif á líf þeirra. Jafnvel þótt tímamarkið sé næsta vor, geri ég ráð fyrir að í næstu viku tilkynnum við að við höfum nú þegar náð markmiðinu,“ segir Corlew, en sviðin fjögur eru: Sjón og augnsjúkdómar, sem hafa verið áhersluþunktur Lions frá árinu 1925, hungursneyð, umhverfismál og æskulýðsmál. Nú þegar hefur markmiðum í þeim tveimur síðastnefndu verið náð.

Spurður hvað framtíðin beri í

skauti sér fyrir Lionshreyfinguna, segir Corlew að nýverið hafi samtökin hafið sókn í að aðstoða sykursjúklinga og einnig muni hreyfingin láta að sér kveða í því að auka lífsgæði krabbameinssjúklinga, einkum barna.

„Við munum halda áfram vinnu okkar og þjónustu með nýjum leiðum. Við vonumst til að geta haldið áfram sem lengst og þjónusta okkar og hjálp við náungann verður alltaf umdirstaða tilvistar okkar,“ segir Corlew og bætir því við að hann sé snortinn af öflugum starfi Lionsklúbba á Íslandi í árána rás.

Ungfrú
ÍSLAND
2016

Bein útsending á mbl.is
27. ágúst, kl 20:00



Staldríð Við vegginn er algengt að fólk gangi örna sinna fyrir eða eftir flug.

Ferðamenn létta á sér við flugvöllinn

● Sandgerðisbær grípur til aðgerða

Borið hefur á því að erlendir ferðamenn gangi örna sinna við áningarstað á Reykjanesi í námunda við Keflavíkurflugvöll. Staldríð hefur notið mikilla vinsælda hjá erlendum ferðamönnum fyrir eða eftir flugferðir þeirra. Engin salernis- aðstaða er hins vegar á áningarstaðnum, að því er fram kemur á vef Vísirfréttu.

Rútubílstjóra sem staldráði við á svæðinu með hóp ferðamanna, til að þeir gætu andað að sér fersku lofti, brá í brún þegar megn úrgangsfnykur fyllti vitin. Við nánari skoðun kom í ljós að klósettappír og hægðir voru á víð og dreif um svæðið.

Munu merkja svæðið

Staldríð sem um ræðir er á vegum Sandgerðisbæjar, en samkvæmt upplýsingum frá bænum var það tekið í gegn fyrr í sumar og hreinsað hátt og lágt og nýjum ruslafötum komið fyrir.

Þegar hefur verið ákveðið að koma upp skiltum á svæðinu til marks um að óheimilt sé að létta á sér þar. Vandamálið hefur þó ekki verið rætt sérstaklega í bæjarráði.

Ólafur Þór Ólafsson, bæjarfulltrúi Samfylkingar í Sandgerðisbæ, segir að ágangurinn hafi aukist mikið undanfarið.

„Fjöldinn af ferðamönnum og ágangurinn er orðinn svo mikill að það þarf greinilega örari viðbrögð en það að fara í hreinsun einu sinni eða tvisvar á ári. Við höfum ekki tekið frekari umræðu um þetta,“ segir Ólafur Þór. Rætt hafi verið um skipulag á svæðinu sem slíku, en þetta tiltekna vandamál hafi borið brátt að og bæjarfulltrúar aðeins nýlega heyrt af því.

Spurður hvort til greina komi að koma upp salernisaðstöðu segir Ólafur að ekki sé hægt að svara því strax. „Ég á von á því að þetta verði rætt á næsta bæjarráðsfundi,“ segir hann.